

Alþingi
Utanríkismálanefnd
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. júní 2019

Tilvísun: 2019051120/ÞS

Persónuvernd vísar til beiðni utanríkismálanefndar Alþingis frá 27. maí 2019 um umsögn um frumvarp til laga um frystingu fjármuna og skráningu aðila á lista yfir þvingunaraðgerðir í tengslum við fjármögnun hryðjuverka og útbreiðslu geryðingarvopna (þskj. 1231, 774. mál á 149 löggjafarþingi). Í almennum athugasemdum með frumvarpinu er tilefni þess lýst svo að alþjóðlegur vinnuhópur um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka (e. Financial Action Task Force (FATF)) hafi árið 2017 hafið úttekt á stöðu mála á því sviði hér á landi sem lokið hafi með skýrslu í febrúar 2018. Hafi þar komið fram að nauðsynlegt væri að gera úrbætur á gildandi lagaumgjörð um framkvæmd þvingunarráðstafana sem stöfuðu frá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastofnunum og vörðuðu frystingu fjármuna og skráningu á lista yfir þvingunaraðgerðir.

Ljóst er að reglur frumvarpsins munu hafa í för með sér vinnslu persónuupplýsinga, sbr. meðal annars 25. gr. þess þar sem fjallað er um birtingu ákvarðana um tiltekin stjórnsluviðurlög. Eins og þar kemur fram geta í slíkum tilkynningum komið fram persónuupplýsingar, þ.e. um hver ber ábyrgð á broti, sbr. 1. mgr. og b-lið 2. mgr. ákvæðisins, en eftir atvikum getur þar verið um einstakling að ræða eins og fram kemur í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð með frumvarpinu. Er tekið fram í 5. mgr. ákvæðisins að slíkar upplýsingar skuli ekki vera aðgengilegar lengur en málefnalegar ástæður krefjast samkvæmt lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og er því ljóst að lítið hefur verið til meðalhófssjónarmiða í þessu sambandi.

Persónuvernd telur líkur standa til þess að í ljósi eðlis umrædds málaflokks verði almennt ekki hjá því komist, þegar greint er frá einstökum brotum, að eftir birtingu upplýsinga um þau verði unnt að rekja hver beri ábyrgð á þeim, jafnvel þótt leitast sé við að afmá persónugreinanlegar upplýsingar, t.d. vegna stöðu hlutaðeigandi innan fjármálastofnunar. Jafnframt kemur fram í 2. mgr. 25. gr. frumvarpsins að upplýsingar skuli ekki birtar valdi þær hlutaðeigandi tjóni sem ekki sé í eðlilegu samræmi við það brot sem um ræði, þ.e. ef réttmæti fyrir birtingu sé minni háttar samanborðið við þá hagsmuni sem um ræðir, sbr. c-lið umræddrar málsgreinar.

Þegar lítið er til framangreinds telur Persónuvernd ekki tilefni til athugasemda við 25. gr. frumvarpsins. Þá telur stofnunin ekki tilefni til athugasemda við efni þess að öðru leyti.

F.h.. Persónuverndar



Helga Þórisdóttir



Þórður Sveinsson